



**Skipting verka, sem voru unnin á
Rafeindastofu árið 1989**

Einar Hrafnkell Haraldsson

Greinargerð EHH-90-01

MÁ EKKI FARL-EGJA

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
1990-1-29

Greinargerð
EHH 1990/1

SKIPTING VERKA, SEM VORU UNNIN Á RAFEINDASTOFU ÁRIÐ 1989

Verkin voru að mestu leyti skráð á verknúmerið 533-010 önnur en rekstur JES og Rekstur tækja og bíla, sem voru skráð á 340-200 og 340-260.

Rekstur JES (ehh 668 tímar, svh 388 tímar).

Hér er skráður allur tími, sem fer í að halda Rafeindastofunni gangandi. Einnig eru skráð öll smærri verk, sem falla ekki aðra liði að aftan. Hér er einnig skráður tími, sem fer í aðstoð við aðrar deildir.

Rekstur tækja og bíla (ehh 529 tíma, svh 266 tíma).

Undir þennan lið er færður tími, sem í viðhald og umsýslu með mælitækjum og bílum Jarðeðlisfræðideildar.

Sprungumælir við Leirhnjúk (267 tímar svh, 115 tímar ehh).

Á árinu 1988 var hannaður og smíðaður sjálfvirkur sprungumælir við Leirhnjúk. Hann var settur upp í desember 1988. Í byrjun ársins 1989 var unnið við forritun í tengslum við úrvinnslu mæligagna frá honum. Einnig var unnið við frágang gagna, teikningar og skýrslugerð, en sú skýrsla kom út á árinu undir nafninu Sprungumælir við Leirhnjúk, OS-89012/JHD-06. Hluti af verkinu var skráður á verkið Krafla umbrot.

MT-Söfnunartæki (523 tímar svh).

Haustið 1988 var ákveðið að gera endurbætur á MT - tækjum Orkustofnunar. Fram að því höfðu mæligögnin verið skráð á segulbönd og þótti tími til að skipta þeim út. Í lok febrúar 1989 hófst hönnun á örtölvu stýrðu söfnunartæki með 1 M bæta minni. Smíði og prófunum á söfnunartækinu lauk í lok júní og var það síðan notað við mælingar um sumarið. Vinna þarf úr mælingum frá sumrinu og í framhaldi af því gera endurbætur ef þess þarf. Síðan verður gerð skýrsla um verkið.

Smíði Hitamælistafa (488 tímar svh).

Nokkuð langt er síðan hannaður var hitamælistafur sem átti að leysa þá gömlu af hólmi. Einn slíkur var smíðaður fyrir rúmu ári síðan, til reynslu. Í ljósi þess að hann reyndist vel, var ráðist í að smíða 10 slíka stafi. Sex stöfum var deilt á þá starfsmenn sem mest hafa notað stafina og koma þeir til með að hafa umsjón með þeim.

Einnig voru gerðar breytingar á hitamælirúllum BHM og JED. Þær breytingar fólu í sér að rásinni sem breytir merkinu frá nemanum í spennumerki var skipt út og ný rás sett í staðinn.

Að lokum var rituð B-skýrsla, er nefnist Hitamælar, lýsing á nýjum hitamælum fyrir hitastafi og rúllur, OS-89055/JHD-27 B, sem kom út í lok ársins.

AMT-tæki (403 tímar ehh, 13 tímar he).

AMT tækin voru yfirfarin og reynt að komast fyrir vandamál, sem voru við notkun þeirra. Lausn fannst á vandamálunum og tækjunum var breytt og þau notuð sumarið 1989 við ágæta raun. Í framhaldi af reynslunni, sem fékkst þá var ráðist í að gera endurbætur á tækjunum. Byrjað var á að gera breytingar á spólunum, sem nema segulsviðið en síðan verður ráðist í aðrar lagfæringar og stefnt að því að fullklára tækin og gefa út skýrslu um smíði tækjanna.

Hitasíriti (45 tímar ehh).

Hitasírita, sem var smíðaður árið 1984 var breytt og tekinn aftur í notkun. Eftir er að gera skýrslu um það verk. En notkunarlýsing var gefin út undir nafninu Leiðbeiningar um notkun hitasírita, OS-89038/JHD-15 B.

Segulmælir (34 tímar ehh).

Söfnunartæki fyrir segulmæli, sem var smíðað var 1983, var breytt lítilsháttar og notað í sumar.

TEM-tæki (265 tímar ehh, 22 tímar ógf, 100 tímar ká, 56 tímar he).

Keypt voru mælitæki til TEM mælinga frá kanadíska fyrirtækinu Geonics með styrk frá Vísindasjóði. Talsverð vinna fór í að koma tækjunum í gagnið.

Gerðar voru athuganir og reynt að sjá helstu tæknilegu vandamálin varðandi hugsanlega smíði á tvíþól TEM tækjum. Framhald á þessu væru meiri prófanir og athuganir í vetur með það í huga að geta prófað slík tæki á vori komanda.

Þróun tækja, ýmislegt (18 tímar ehh, 30 tímar svh).

Vinna við tengibúnað fyrir Versatek teiknara, sem er notaður til að teikna snið við úrvinnslu seismik mæligagna. Nauðsynlegt reyndist að hanna og smíða tengibúnað fyrir teiknarann til þess að nota hann við HP tölvuna. Frágangur og teikningar gerðar. Stefnt að því að gera stutta skýrslu um verkið.

Hér er einnig skráður tími, sem fór í nokkur minni verk og þróunarvinna, sem ekki féll á önnur ákveðin verk.

Tafla, sem sýnir tíma fyrir hvert verk.

Verk	Tímar	Prósentur
Rekstur	1056	24.9%
Rekstur bíla og tækja	795	18.8%
Sprungumælir við Leirhnjúk	382	9.0%
MT - söfnunartæki	523	12.4%
Smiði hitamælistafa	488	11.5%
AMT - tæki	416	9.8%
Hitasíriti	45	1.1%
Segulmælir	34	0.8%
TEM - tæki	446	10.5%
Þróun tækja ýmislegt	48	1.1%
SAMTALS	4233	100.0%

